

# Samningur milli ríkissjóðs og sveitarfélags um uppgjör lífeyrisskuldbindinga í Brú lífeyrissjóði vegna hjúkrunarheimilisins XXXXXX.

<Sveitarfélag> (hér eftir sveitarfélag), kt. <xxxxxxxx>, <hjúkrunar- og dvalarheimili> (hér eftir hjúkrunarheimili), kt.<xxxxxxxx>, fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs Íslands (hér eftir ríkissjóður), kt. 540269-6459 og Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (Brú) kt. 491098-2529, í samningi þessum nefndur lífeyrissjóður, gera með sér svofelldan samning um tilhögun uppgjors lífeyrisskuldbindinga vegna öldrunarþjónustu sem hjúkrunarheimilið veitir og fjármögnuð er með daggjöldum úr ríkissjóði.

Samningur þessi byggir á samkomulagi milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. október 2016, um tilhögun uppgjors lífeyrisskuldbindinga í lífeyrissjóðum með bakábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélags. Þá byggir samningurinn jafnframt á tillögu að breytingu á forsendum lífeyrisskuldbindinga milli ríkis og sveitarfélaga vegna hjúkrunarheimila í rekstri frá 26. júní 2017 sem og ódagsettri bókun við samkomulag um skiptingu lífeyrisskuldbindinga vegna hjúkrunarheimila.

## 1.0 Áfallnar lífeyrisskuldbindingar

Samkomulag er um að áfallnar lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimilisins hjá lífeyrissjóðnum skiptist milli sveitarfélagsins og ríkissjóðs sem hér segir:

- 1.1.** Ríkissjóður greiðir upp 97% af áföllnum lífeyrisskuldbindingum vegna hjúkrunarheimilisins hjá lífeyrissjóðnum eins og þær eru samkvæmt tryggingafræðilegu mati 31. maí 2017, sbr. fylgiskjal 4. Sveitarfélagið greiðir lífeyrissjóðnum 3% hlutdeild sína í áföllnum lífeyrisskuldbindingum. Um greiðslu og uppgjör á hlutdeild sveitarfélags fer eins og kveðið er á um í lið 3.1.

## 2.0 Framtíðarskuldbindingar

- 2.1** Frá og með 1. janúar 2016 mun hjúkrunarheimilið greiða iðgjald umfram lögbundið iðgjald í samræmi við réttindaákvæði úr samþykktum Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar, sbr. 2. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, til þess að mæta framtíðarskuldbindingum vegna starfsmanna sinna sem aðild eiga að B-deildum Brúar auk ákvæðis 28.7 gr. í samþykktum Brúar. Með samtímagreiðslum fullnaðarlífeyrisiðgjalda ber hjúkrunarheimilið ekki frekari

ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum í lífeyrissjóðnum vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem samtímagreiðslur þessar taka til þótt ekki séu sérstök ákvæði um það í lögum eða samþykktum LSA.

- 2.2 Iðgjald umfram hið lögbundna iðgjald skal vera 23% af þeim launaliðum sem iðgjald er reiknað af vegna starfsmanna sem eiga aðild að B-deild Brúar. Heildariðgjald til samtímagreiðslu fullnaðarlífeyrisiðgjalda nemur því 35% hjá Brú.
- 2.3 Uppgjör fullnaðariðgjalds skv. lið 2.1. og lið 2.2. gagnvart lífeyrissjóðnum skal fara fram eigi síðar en 15. desember 2017 og eftir það í samræmi við launauppgjör hvers tímabils. Fullnaðariðgjöld samkvæmt þessum lið skulu bera 6% ársvexti frá þeim tíma sem þau hefðu átt að koma til gjalda.

### 3.0 Uppgjör

- 3.1 Uppgjör milli sveitarfélags, hjúkrunarheimilis og lífeyrissjóðsins á hlutdeild í áföllnum lífeyrisskuldbindingum og lífeyrisgreiðslum skv. lið 1.1. og uppgjör á fullnaðariðgjaldi skv. lið 2.3. skal fara fram eigi síðar en 15. desember 2017.
- 3.2 Geri ríkið eða eitthvert þeirra sveitarfélaga sem samið hefur um uppgjör lífeyrisskuldbindinga á grundvelli samkomulags frá 28. október 2016, sjá fylgiskjal 5, kröfu um frekari greiðslu af mótaðila samningsins, á grundvelli ákvæðis bókonar með samningi þessum, skal það leiða til endurmats á uppgjöri samnings þessa.

### 4.0 Gildistaka o.fl.

- 4.1 Samningur þessi er gerður samkvæmt heimild í tölulið 7.6 í 6. gr. fjárlaga ársins 2017.
- 4.2 Ákvæði samnings þessa um greiðslu ríkissjóðs skv. lið 1.1. öðlast gildi þegar uppgjör skv. lið 3.1. og sambærilegt uppgjör lífeyrisskuldbindinga gagnvart Lífeyrisjóði starfsmanna ríkisins og/eða Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga hefur farið fram.

Samkomulag þetta er undirritað í fjórum eintökum og heldur hver samningsaðila sínu eintaki.

Reykjavík 26. október 2017

F.h. ríkissjóðs Íslands

F.h. sveitarfélags

F.h. Brúar lífeyrissjóðs

F.h. hjúkrunarheimilis sveitarfélags

**Fylgiskjöl með samningi þessum:**

1. Samkomulag fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um lífeyrismál, dags. 28. október 2016.
2. Tillaga að breytingu á forsendum fyrir uppgjör lífeyrisskuldbindinga milli ríkis og sveitarfélaga vegna hjúkrunarheimila í rekstri og þeirra sem hætt hafa rekstri, dags. 26. júní 2017.
3. Bókun við samkomulag um skiptingu lífeyrisskuldbindinga vegna hjúkrunarheimila (ódags.)
4. Tryggingafræðileg úttekt á stöðu lífeyrisskuldbindinga hjúkrunarheimilisins XXXXXXX, dags. 25. október 2017.
5. Listi yfir sveitarfélög sem gera samning á grundvelli samkomulags frá 28. október 2016.
6. Umboð sveitarstjórnar til undirritunar samnings og til uppgjörs.